


# LEIKSKÓLI - ÁSBRAUT 4, HAFNARFIRÐI

**Teikningaskrá:**

| Nr. | Heiti | Mkv. |
|---|---|---|
| 10-01 | Afstöðumynd | 1:500 |
| 10-02 | Grunnmynd lóðar | 1:200 |
| 10-03 | Grunnmynd | 1:100 |
| 10-04 | Útlit | 1:100 |
| 10-05 | Sneiðingar og geymsluhús | 1:100 |
| 10-06 | Skráningartafla | |

**Starfsemi:**

Í húsinu er 2x4ja deilda leikskóli. Húsið skiptist í tvo jafn stóra leikskóla sem tengjast saman með kjarnabyggingu sem í er aðstaða starfsfólks, eldhús, salir og fl. sameiginleg rými. Miðað er við að fjöldi barna sé allt að 200 mestan hluta dagsins. Fleiri börn geta þó verið á skörunartíma um miðjan daginn eða allt að 220. Fjórar deildir eru í hvorum leikskóla, ein fyrir 22 1-3ja ára börn og þrjár fyrir 26 3ja til 6 ára börn.
Gert er ráð fyrir 40 stöðugildum og að mestur starfsmannafjöldi í einu í húsinu sé 50-55.

**Byggingarlýsing:**

Húsið er á steinsteyptum sökklum á malarpúða. Undir steinsteyptri plötu er einangrunarplast. Kólnunartala plötu : 0,30W/m2C°.

Útveggir eru steinsteyptir, einangrað að utanverðu með veggplötu 100 mm, 80 kg/m3 (steinull) og klæddir með sléttum, eldföstum lituðum plötum (teg. STENI) að hluta og að hluta með lóðréttri viðarklæðningu. Innanhúss eru steyptir veggir sléttmúraðir. Gluggar eru trégluggar með álkápu að utanverðu. Allt gler er tvöfalt einangrunargler, einangrunargildi skv. byggingareglugerð. Kólnunartala útveggja er 0,4 W/ m2 C°

Þak er uppbyggt úr léttum einingum, óloftuðum, þ.e. heitt þak.
Þakklæðning er vinyldúkur. Kólnunartala þakflata er betri en 0,20 W / m2C°

Allir innveggir eru gifsklæddir, fylltir steinull. Loftaklæðning innanhúss eru hljóðdeyfandi harðpressaðar steinullarplötur í brunaflokki 1.Allar innihurðir eru amk. 90 sm.

Vélræn loftræsing er í öllum gluggalausum rýmum, snyrtingum, eldhúsi og þurrk- og fataklefum, en annars er loftað um opnanleg fög. Loftræsing uppfyllir skilyrði reglugerðar.

Keramískar flísar eru á gólfum anddyra, fataherbergja og snyrtinga en vinyldúkur á eldhúsi, þvottahúsi og ræstingu. Á öðrum gólfum er linoleum dúkur. Gólfniðurföll eru í öllum votrýmum.

Inntök rafmagns, hitaveitu og vatns eru frágengin skv. kröfum viðkomandi veitna.

**Smáhýsi á lóð**

Þrjú smáhýsi eru á lóð fyrir geymslu leiktækja og barnavagna. Þau eru byggð úr einfaldri timburgrind og klædd Steni plötum, þak er klætt með vinyldúk. Húsin eru óupphituð en með rafmagnslýsingu. Stærð 2. húsanna er 11,4 m2 og 26,79 m3, en það síðasta er tvöfalt stærra en hin, 22,8 m2 og 53,58 m2.

Brunavarnir

Viðurkennt brunaviðvörunarkerfi tengt vaktstöð verður í húsinu.
Í húsinu eru ÚT-ljós og neyðarlýsing, björgunarop, rýmingarleiðir, brunaslöngur skv. kröfum reglugerðar. Öll björgunarop eru 0,7m x 1,0 m. Brunaslöngur er í öllum álmum skólans, 4 alls. Allar klæðningar eru í flokki 1. Slökkvitæki eru staðsett í samráði við Eldvarnareftirlitið.

Lóð er hönnuð af Landhönnun sf

Stærðir:

| | | |
|---|---|---|
| Lóðarstærð: | 8.490,1 m2 | A |
| Grunnflötur húss : | 1.403,1 m2 | |
| Heildarrúmmál húss: | 4.651,3 m3 | |
| Grunnflötur smáhúsa: | 45,6 m2 | |
| Heildarúmmál smáhúsa | 107,2 m2 | |
| Bílastæði: | 49 stk | A |

Samþykkt þann
07 JULI 2004
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurbjartur Halldórsson

| ÚTGÁFA | TEIKNAÐ | SAMÞYKKT | DAGS |
|---|---|---|---|
| A | HMH | HMH | 30.06.2004 |

Lóð stækkuð til suð-austurs. Nýr göngustígur við norð-vesturhorn lóðar. Fjöldi bílastæða

BREYTINGAR

ASK Arkitektar
Skógarhlíð 18
105 Reykjavík
Sími 515 0300
Fax 515 0319
www.arkitektar.is

Áritun aðalhönnuðar:
Helgi Már Halldórsson arkitekt FAÍ, kt. 301258-7049

LEIKSKÓLI ÁSBRAUT 4, HAFNARFRÐI
AÐALTEIKNING
VERKEFNI

HEITI TEIKNINGAR: AFSTÖÐUMYND
MKV. A1: 1:500
TEIKNAÐ: hmh/ss
DAGS: 25.11.2003
VERK NR.: 0339
NÚMER TEIKNINGAR: 10-01
ÚTGÁFA: A